

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 109/2011****2011/EES/65/16****frá 30. september 2011****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2011 frá 1. júlí 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/142/ESB frá 3. mars 2011 um breytingu á ákvörðun 97/80/EB um framkvæmdarákvæði vegna tilskipunar ráðsins 96/16/EB um tölfræðilegar kannanir vegna mjólkur og mjólkurafurða ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 22. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/80/EB) í XXI. viðauka við samninginn:

„– **32011 D 0142**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/142/ESB frá 3. mars 2011 (Stjtið. ESB L 59, 4.3.2011, bls. 66).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/142/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. október 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 61, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 77.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 59, 4.3.2011, bls. 66.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.